



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2020

R20110243

Borgarráð

Knattspyrnuaðstaða í Grafarvogi

Lagt er til að skoðaðir verði, með Fjölni o.fl. valkostir varðandi bætta aðstöðu vegna knattspyrnumála í Grafarvogi.

Greinargerð

Um nokkurt skeið hefur legið fyrir að aðstaða fyrir leiki í knattspyrnu hjá Fjölni uppfylli ekki öll skilyrði KSÍ um leyfisveitingar vegna keppnisvalla. Fyrir liggja hugmyndir félagsins um bætta aðstöðu við Dalhús eða Egilshöll sem nauðsynlegt er að rýna áður en ákvörðum um framhald verður tekið. Þá er að rísa góð aðstaða í Úlfarsárdal með áhorfendaaðstöðu sem hægt er að samnýta. Aðstaða fyrir áhorfendur raðaðist lágt í forgangsörðunarvinnu ÍTR og ÍBR þar sem æfingaaðstaða og uppbygging í þágu barna- og unglinga var í forgangi.

Dagur B. Eggertsson